



Fundur í hafnarnefnd

14. fundur hafnarnefndar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn miðvikudaginn 21. október 2020. Fundur var settur kl. 12:00.

Mættir voru: Halldór Rúnar Stefánsson, Árni Bragi Njálsson (í fjarfundarsambandi), Jónas Jóhannsson og Jónas Egilsson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð. Auk þess sat Rafn Jónsson frá Ísfélagi Vestmannaeyja á Þórshöfn fundinn að hluta.

Formaður setti fund og spurði hvort athugasemdir væru gerðar væru við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Framkvæmdir við dýpkun Þórshafnarhafnar

Farið var yfir stöðu mála í kjölfar bókunnar sveitarstjórnar frá 15. október sl. um þessi mál. Þar segir m.a.: „Þá er sveitarstjóra falið að leita samninga við Vegagerðina um þátttöku í að tryggja 9,5 m dýpkun í innsiglingu í höfnina og á athafnasvæði uppsjávarskipa sem landa í höfninni. Til vara fellst sveitarstjórn á útfærslu Vegagerðarinnar á dýpkun innsiglingar skv. framlagðri tillögu Vegagerðarinnar. Þá er sveitarstjóra falið að leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins í samræmi við niðurstöðu samtals við Vegagerðina, með fyrirvara með endanlegu samþykki sveitarstjórnar eða byggðaráðs.“

Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins og horfur á næsta ári.

Einnig er lagt fram minnisblað frá Rafni Jónssyni, um dýpkun hafnarinnar frá 14. október sl.

Rafn Jónsson vék af fundi kl. 12:38.

Bókun um afgreiðslu: Hafnarnefnd Langanesbyggðar leggur til að innsiglingarrennan með 9,5 m dýpt verði breikkuð í 30 m, úr 24 m. Hún lýsir vonbrigðum sínum með að ekki hafi fengist fjármagn frá Vegagerðinni til að ljúka bráðnaðsynlegum dýpkunarframkvæmdum við Þórshafnarhöfn, í 9,5 m núna í haust.

Nefndin lýsir hins vegar yfir ánægju sinni með hve fljótt og vel Vegagerðin brást við óskum sveitarfélagsins fyrr á þessu ári um þær dýpkunarframkvæmdir sem nú unnið er að. Hún telur hins vegar nauðsynlegt að höfnin verði gefin út fyrir a.m.k. 9,5 m og að þær framkvæmdir verði settar inn á samgönguáætlun og áætlun sveitarfélagsins helst strax á næsta ári.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál



Engin.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:42.